



Kennsluáætlun fyrir vorönn 2023

Skoða hvort allt sé komið

Námsgrein: Samfélagsfræði

Árgangur: 3. og 4. bekkur

Kennari: Unnur Magnúsdóttir

Netfang: unnurm@klaustur.is

Almennt:

Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þaða er skylda allra samfélaga að fræða nemendur um gildi, jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu.

Samfélagsgreinar eiga að hjálpa nemendum að bregðast við þeim áskorunum í umhverfinu og nærsamfélaginu sem þeir lenda í og efla skilning þeirra á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs.

Það er gert með því að útskýra fyrir þeim margvíslegar skyldur, réttindi og gildi sem hluta af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar.

Helstu markmið:

Nemendur eiga að fá skilning á þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum samfélagsins til umverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér þá hæfni sem byggir á því að setja sig í spor annarra og sjá fyrir sér afleiðingar gerða sinna fyrir sjálfan sig, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Nemendur læra hver helstu húsdýrin eru og hvernig lífið var í gamla daga.

Hlekkur á aðalnámskra <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>

Námsgögn:

Söguramminn „Blómin á þakinu“ Steve Bell og Börgu Eiríksdóttur. Heimildir af neti og úr bókum ásamt myndum.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Janúar til maí	Söguramminn „Blómin á þakinu“	Umræður	Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á

<p>Unnið eftir skipulagi sem sjá má í Sögurammanum „Blómin á þakinu“</p>	<p>Dýrabækur og aðrar bækur sem tengjast námsefninu</p>	<p>Rökræður Hlustun Ritun Hópavinna Framsögn Skapandi vinna Upplýsingaöflun úr bókum og veraldarvefnum</p>	<p>mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.</p> <p>Áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.</p> <p>Þekja dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum</p> <p>Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna</p> <p>Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.</p> <p>Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.</p> <p>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.</p>
--	---	--	---

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.